

# Dómarar

## 1. Dómarastig

### 1.1. 1. Stigs landsdómarar:

#### 1.1.1. Kröfur:

- 1.1.1.1. Að hafa lokið dómaranámskeiði á vegum WA/BFSÍ;
- 1.1.1.2. Að hafa náð a.m.k. 80% einkunn í skor kafla dómaraprófs BFSÍ;
- 1.1.1.3. Að hafa náð a.m.k. 80% í heildar einkunn á dómaraprófi BFSÍ;
- 1.1.1.4. Að hafa staðist verklegt mat á vegum BFSÍ;
- 1.1.1.5. Að hafa tekið viðeigandi endurmenntun;
- 1.1.1.6. Að hafa náð 16 ára aldri á árinu.

1.1.2. 1. Stigs landsdómarar bera ábyrgð á að framgangur á keppnissvæði innan vébanda BFSÍ sem þeir dæma á sé samkvæmt reglum WA og BFSÍ.

1.1.3. Ef landsdómari er ekki að dæma á viðkomandi keppnissvæði getur það ekki talist gilt til Íslandsmeta.

### 1.2. 2. Stigs landsdómarar:

#### 1.2.1. Kröfur:

- 1.2.1.1. Að hafa virk 1. Stigs dómararéttindi;
- 1.2.1.2. Að hafa setið námskeið um úrslitabirtingakerfið lanseo og mótakerfi BFSÍ
- 1.2.1.3. Að hafa staðist verklegt mat á vegum BFSÍ á hæfni sinni.

1.2.2. 2. Stigs landsdómarar geta skipulagt Íslandsmót og birt/gilt niðurstöður af Íslandsmetahæfum mótum.

### 1.3. Aðstoðardómarar

#### 1.3.1. Kröfur:

- 1.3.1.1. Hafa fengið undanþágu formanns BFSÍ til þess að starfa sem landsdómarar á móti vegna sérstakra aðstæðna;
- 1.3.1.2. Sækja þarf um slíka undanþágu fyrir hvert mót

1.3.2. Tilgangur skilgreiningu á aðstoðardómurum er að taka á ófyrirséðum atvikum sem gætu komið upp á mótum s.s. óvænta fjarveru dómara og/eða skorti á dómurum.

## 2. Dómaranámskeið, dómarapróf og viðhald réttinda:

2.1. BFSÍ skal bjóða upp á námskeið um dómgæslu a.m.k. árlega.

2.2. Dómarapróf skal vera aðgengilegt á vefsíðu BFSÍ fyrir þá sem lokið hafa námskeiði um dómgæslu.

2.2.1. Hver einstaklingur má aðeins taka dómaraprófið einu sinni á hverju almanaksári.

2.3. Dómarar þurfa að standast stöðupróf eða endurmenntun á a.m.k. 4 ára fresti til endurnýjunar réttinda.

2.4. BFSÍ getur óskað eftir að dómari standist stöðupróf eða endurmenntun hvenær sem er, ef ástæða telst til (s.s. vegna reglubreytinga, eða ef dómari sínir vanþekkingu á reglum íþróttarinnar)

2.5. Endurmenntun Íslenskra alþjóðlegra dómara er í höndum viðeigandi alþjóðasambands.

### 3. Skyldur dómara:

#### 3.1. Dómarar skulu áður en þeir mæta til starfa:

- 3.1.1. [Lesa reglubækur WorldArchery \(reglubækur WA 2 og 3\)](#)
- 3.1.2. [Lesa reglugerðir BFSÍ](#)
- 3.1.3. [Kynna sér nýjustu reglutúlkanir WA](#)
- 3.1.4. [Kynna sér hæfnisviðmið dómara WA](#)
- 3.1.5. [Lesa dómarahandbók WA](#)
- 3.1.6. Kynna sér skipulag mótsins
- 3.1.7. Vera í góðum samskiptum við mótshaldara

#### 3.2. Þegar dómarar mæta til starfa degi fyrir mót skulu þeir:

- 3.2.1. Sjá til þess að uppsetning vallar, fjarlægðir, skotmörk o.s.frv. sé samkvæmt reglum.
- 3.2.2. Styðja við mótshaldara í því að allt sé rétt sett upp og tilbúið fyrir mótið.

#### 3.3. Á keppnisdögum skulu dómarar:

- 3.3.1. Kanna hvort búnaður keppenda sé í samræmi við reglur.
- 3.3.2. Leysa vandamál sem koma upp á mótinu.
- 3.3.3. Sjá til þess að mótið sé rekið í samræmi við reglur BFSÍ og WA
- 3.3.4. Styðja við mótshaldara í breytingum á uppsetningu á velli.

#### 3.4. Dómara skulu senda skýrslu til BFSÍ tafarlaust eftir að móti lýkur ef eftirfarandi kemur upp:

- 3.4.1. Viðvaranir (gul spjöld) gefnar vegna óíþróttamannslegrar hegðunar
- 3.4.2. Brottvísanir (rauð spjöld) gefnar vegna óíþróttamannslegrar hegðunar
- 3.4.3. Kærur sem settar voru fram og úrskurði dómnefndar mótsins
- 3.4.4. Önnur óvenjuleg vandamál sem leysa þurfti tengt mótinu

### 4. Svipting dómara réttinda:

#### 4.1. Dómarar eiga á hættu að vera sviptir dómara réttindum tímabundið eða varanlega ef:

- 4.1.1. Dómarar koma ekki til starfa tímanlega og tilkynna ekki forföll, án gildrar ástæðu.
- 4.1.2. Dómarar mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, án gildrar ástæðu.
- 4.1.3. Dómarar sinna ekki skyldum sínum á mótinu.
- 4.1.4. Dómarar sýna vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða öðrum.
- 4.1.5. Dómarar verða uppvísir af veðmálum tengdum mótum sem þeir geta haft áhrif á.
- 4.1.6. Dómarar eru óvirkir í dómgæslu á mótum innan vébanda BFSÍ í 12 mánuði eða lengur, án gildrar ástæðu.
- 4.1.7. Dómarar hafa ekki lokið endurmenntun innan tveggja mánaða frá því að þess var krafist af BFSÍ.

### 5. Skipun dómara á mót:

- 5.1. Formaður BFSÍ skipar dómara á mót innan vébanda BFSÍ.
- 5.2. Þeim dómurum skal umbunað í samræmi við gjaldskrá dómara ef þeir óska þess.
- 5.3. Öðrum dómurum með virk landsdómara réttindi er velkomið að dæma sem sjálfboðaliðar á öllum mótum innan BFSÍ með leyfi mótshaldara.
- 5.4. Á Íslandsmetahæfum mótum innan BFSÍ, skal starfa a.m.k. einn 2. stigs landsdómari sem sér um birtingu/gildingu niðurstaða og dómgæslu. Hann ber ábyrgð á réttum úrslitum.
- 5.5. Ef landsdómari stig 1 sér um dómgæslu á keppnissvæði/stað þá er heimilt að landsdómari stig 2 sinni sínum skyldum utan keppnissvæðis/staðar. (s.s. í tilfellum fjarmóta).

## 6. Gjaldskrá dómara:

- 6.1. 2. stigs landsdómari
  - 6.1.1. Íslandsmót : 20.000.kr per keppnisdag
  - 6.1.2. Önnur mót með útsláttarkeppni : 20.000.kr per keppnisdag
  - 6.1.3. Önnur mót án útsláttarkeppni: 10.000.kr per keppnisdag
- 6.2. 1. stigs landsdómari
  - 6.2.1. Íslandsmót : 10.000.kr per keppnisdag
  - 6.2.2. Önnur mót með útsláttarkeppni : 10.000.kr per keppnisdag
  - 6.2.3. Önnur mót án útsláttarkeppni: 5.000.kr per keppnisdag
- 6.3. Megin tilgangur þess að greiða dómurum fyrir störf sín er til að koma á móts við kostnað dómara við að sinna sínum störfum s.s. ferðakostnað og slíkt.
- 6.4. Mótshaldari ber ábyrgð á greiðslum til dómara.

## 7. Alþjóðlegir dómarar:

- 7.1. BFSÍ greiðir ferða- og þátttökukostnað landsdómara BFSÍ sem uppfylla viðmiðin hér fyrir neðan á námskeið til þess aflu sér og/eða viðhalda alþjóðlegum dómara réttindum.
- 7.2. Heimsálfudómara námskeið (Continental Judge – CJ) viðmiðið er að dómari:
  - 7.2.1. Mæti kröfum viðkomandi alþjóðasambands til að sitja slíkt námskeið.
  - 7.2.2. Hafi að lágmarki 2 ára reynslu af dómgæslu á Íslenskum mótum á vegum BFSÍ og sýna mikla virkni í starfi sem fyrirmyndar dómari.
  - 7.2.3. Hafi sinnt dómgæslu á Íslandsmótum reglubundið.
  - 7.2.4. Hafi staðist stöðupróf BFSÍ (sambærilegt próf í sambærilegu formi og alþjóðlegir dómarar þurfa að taka)
  - 7.2.5. Hafi meðmæli meirihluta stjórnar BFSÍ
- 7.3. Ungmennadómara námskeið (World Archery Youth Judge – WAYJ) viðmiðið er að dómari:
  - 7.3.1. Mæti kröfum viðkomandi alþjóðasambands til að sitja slíkt námskeið.
  - 7.3.2. Hafi meðmæli meirihluta stjórnar BFSÍ.
- 7.4. Alþjóðasamband viðkomandi alþjóðadómara og/eða mótshaldari greiða almennt allan kostnað vegna þátttöku dómara sinna á mótum sem þeir hafa verið valdir til starfa í. Ef einhver kostnaður Íslenskra alþjóðlegra dómara í störfum á vegum alþjóðasambanda (WA, WAE og/eða BFSÍ) situr eftir stefnir BFSÍ að því, eftir bestu getu hverju sinni, að greiða þann kostnað alþjóðlegra dómara BFSÍ.